




Leiðbeiningar um merkingar leiktækja



Mars 2025

Útgefandi: Umhverfis- og orkustofnun

Útgáfunúmer: UOS-2025:08

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

www.uos.is

1 Leiðbeiningar um merkingar leikvallatækja

1.1 Lagagrundvöllur

Leiðbeiningar þessar eru útbúnar samkvæmt reglugerð nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi barna og annarra í leik og umgengni við þar til gerð leikvallatæki eða leiksvæði með því að tryggja að leikvallatæki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt. Reglugerðin er sett á grundvelli 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 27. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og markaðsgæslu.

Reglugerðin gildir um öryggi leiksvæða og leikvallatækja og annarra tækja sem börn nota til leikja á skipulögðum leiksvæðum og eftirlit með þeim, hvort sem um er að ræða tímabundna starfsemi eða til frambúðar. Reglugerðin gildir einnig um skapandi leiksvæði.

Í 4. mgr. 10. gr. reglugerðar segir: *Leikvallatæki sem sett eru á markað hér á landi skulu merkt nafni framleiðanda, vörumerki hans eða öðru kennimerki. Ef um er að ræða erlenda framleiðslu skal nafn innflytjenda koma fram á leikvallatækinu.*

Í 3. mgr. 11. gr. reglugerðar segir: *Þar sem það á við skulu leikvallatæki sérstaklega merkt með áberandi hætti hvaða aldri barna þau eru ætluð. Umhverfisstofnun skal hafa upplýsingar um staðlaðar merkingar skv. 1. ml. á heimasíðu sinni.*

1.2 Skilgreining

Leikvallatæki er þar til gert tæki eða mannvirki, þar með talið hlutar þess, sem börn leika sér í eða á utanhúss og innanhúss og almenningur hefur aðgang að.

Með merkingum leikvallatækja er átt við hvers konar texta eða myndræna framsetningu sem framleiðandi notar til að merkja leikvallatæki. Hér er bæði átt við merkingar er lúta að leiðbeiningum og viðvaranir sem eiga að tryggja rétta notkun tækisins.

1.3 Ábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á að leikvallatæki og merkingar á þeim séu í samræmi við ákvæði reglugerðar.

1.4 Leiðbeiningar

1.4.1 Almennt

Til að tryggja öryggi og stuðla að því að minnsta mögulega hættu sé á að börn verði fyrir slysi af leik í leikvallatæki er framleiðanda skylt að merkja leikvallatæki og upplýsa um hvernig til er ætlast að leikvallatækið sé notað.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur eftirlit með nýjum leikvallatækjum á markaði en innflytjendur og framleiðendur leikvallatækja þurfa að sýna fram á að tækin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra áður en þau eru sett á markað.

Leikvallatæki sem seld eru á evrópska efnahagssvæðinu verða að uppfylla skilyrði laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og reglugerð nr. 1025/2022.

Leikvallatæki sem eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, eiga að vera þannig úr garði gerð að þau skapi ekki hættu fyrir notendur og uppfylli kröfur viðeigandi staðla sbr. ÍST EN 1176 og ÍST EN 1177. Þetta er gert með yfirlýsingu framleiðanda, ásamt rökstuddri umsögn þar sem fram koma tæknilegar upplýsingar um einstök leikvallartæki unnin af aðila með sérþekkingu á framangreindum stöðlum og með hliðsjón af ÍST EN 45004.

1.4.2 Merking


Merking leikvallatækis á að vera í samræmi við kröfur sem settar eru í ÍST EN 1176.


Leikvallatæki á að vera greinilega merkt og eftirfarandi atriði að koma fram:

- Nafn framleiðanda, ásamt nafni söluaðila ef um innflutt leikvallatæki er að ræða.
- Ár framleiðslu.
- Auðkenni eða framleiðsluheiti.
- Tilvísun í viðkomandi staðal.

Á leikvallatækinu skal framleiðandi jafnframt upplýsa um ráðlagða notkun og fyrir hvaða aldurshópa tækið er.

Á leikvallatækinu skal auðkenna og merkja í hvaða hæð aðliggjandi yfirborð skal liggja.



 **KRUMMA ehf.**
Gylfaflöt 7, 112 Reykjavík
S. +354 587 8700
krumma.is

Númer / Art cod. ref.:

Ár / Year of Production: Á: 20 M:

Aldur notanda / User age from:

EN1176:2017

Vottað af / Approved by:
 **DANISH
TECHNOLOGICAL
INSTITUTE**

Dæmi um merkingu leikvallatækis

1.4.3 Rekstrarhandbók

Í rekstrarhandbók leiksvæðisins skal vera auðkennismerking allra leikvallatækja og staðfesting á vottun hvers tækis um að þau uppfylli gildandi staðla.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með leikvallatækjum í notkun og leiksvæðum sem heyra undir þær.

2 Ítarefni

Reglugerð nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim
<https://island.is/reglugerdir/nr/1025-2022>

Leiðbeiningar HMS, Leikvallatæki
<https://hms.is/markadseftirlit/voruoryggi/leikvallat%C3%A6ki>

Leikvallatæki Skoðunarhandbók – Umhverfis- og orkustofnun
<https://ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/handb%C3%B3k%20um%20leikvallat%C3%A6ki%202011.pdf>